

POSTULLEGT BRÉF
PATRIS CORDE
HINS HEILAGA FÖÐUR
FRANS

Í TÍLEFNI ÞESS AÐ 150 ÁR ERU LIÐIN
FRÁ ÞVÍ HEILAGUR JÓSEF VAR LÝSTUR
VERNDARDÝRLINGUR HEIMSKIRKJUNNAR

MEÐ FÖÐURHJARTA: Þannig elskaði Jósef Jesú, sem öll fjögur guðspjöllin segja „son Jósefs“. [1]

Matteus og Lúkas, tveir guðspjallamennirnir sem tala mest um Jósef, segja okkur sáralítið, en þó nóg til að við getum metið hvers konar faðir hann var og það verkefni sem honum var falið með forsjá Guðs.

Við vitum að Jósef var lítillátur smiður (sbr. Mt 13:55), festarmaður Maríu (sbr. Mt 1:18; Lk 1:27). Hann var „grandvar“ maður (Mt 1:19), alltaf tilbúinn að framkvæma vilja Guðs eins og hann var opinberaður honum í lögmálinu (sbr. Lk 2:22.27.39) og í fjórum draumum (sbr. Mt 1:20; 2:13.19.22). Eftir langa og erfiða ferð frá Nasaret til Betlehem sá hann fæðingu Messíasar í fjárhúsi þar sem „eigi var rúm handa þeim“ annars staðar (sbr. Lk 2:7). Hann varð vitni að tilbeiðslu hirðanna (sbr. Lk 2:8-20) og vitringanna (sbr. Mt 2:1-12), sem voru fulltrúar bæði Ísraelsmanna og heiðinna þjóða.

Jósef hafði hugrekki til að verða löglegur faðir Jesú, sem hann gaf nafnið sem engillinn opinberaði: „Hann skalt þú láta heita Jesú, því að hann mun frelsa lýð sinn frá syndum þeirra“ (Mt 1:21). Eins og við vitum að tíðkaðist meðal þjóða til forna, þá merkti það að gefa manni eða hluti

nafn, eins og Adam gerði í frásögninni í fyrstu Mósebók (sbr. 2:19-20), að komið var á ákveðnu sambandi.

Í musterinu, fjörutíu dögum eftir fæðingu Jesú, færðu Jósef og María Drottni barn sitt og hlýddu undrandi á spádóm Símeons um Jesú og móður hans (sbr. Lk 2:22-35). Til að vernda Jesú fyrir Heródes bjó Jósef sem útlendingur í Egyptalandi (sbr. Mt 2: 13-18). Eftir að hann sneri aftur til síns eigin lands, lét hann lítið fyrir sér fara í litlu og lítt þekktu þorpi, Nasaret í Galíleu, langt frá Betlehem, borg ættfeðra sinna og frá Jerúsalem og musterinu. Um Nasaret var sagt: „Enginn spámaður kemur úr Galíleu“ (sbr. Jh 7:52) og raunar: „Getur nokkuð gott komið frá Nasaret?“ (sbr. Jh 1:46). Þegar Jósef og María týndu Jesú tólf ára á pílgrímsferð til Jerúsalem, leituðu þau hans ákaft og fundu hann í musterinu í samræðum við lærifeðurna (sbr. Lk. 2:41-50).

Næst Maríu Guðsmóður er enginn dýrlingur nefndur oftár frá páfa-stóli en Jósef, maki hennar. Forverar mínir hafa velt fyrir sér skilaboð-unum í hinum takmörkuðu upplýsingum sem guðspjöllin hafa skilið eftir til að meta betur hlutverk hans í hjálpræðissögunni. Hinn sæli Píus IX lýsti honum „verndara Kaþólsku kirkjunnar“, [2] virðulegur Píus XII lagði til að hann væri „verndari verkamanna“ [3] og heilagur Jóhannes Páll II sagði hann „verndara lausnarans“. [4] Heilagur Jósef er almennt kallaður til sem „verndari hamingjusams dauðdaga“. [5]

Nú, hundrað og fimmtíu árum eftir að hinn sæli Píus IX lýsti hann verndara Kaþólsku kirkjunnar (8. desember 1870), langar mig að deila nokkrum persónulegum hugleiðingum um þessa einstöku persónu, svo nálægt okkar eigin reynslu manna. Því eins og Jesús segir, „af gnægð hjartans mælir munnurinn“ (Mt 12:34). Löngun mín til að gera það jókst á þessum mánuðum heimsfaraldursins, þegar við upplifðum það í þessari kreppu, hvernig „líf okkar er ofið saman og því viðhaldið af venjulegu fólki, fólki sem gleymist oft. Fólki sem birtist ekki í fyrirsögnum dagblaða

og tímarita eða í nýjasta sjónvarpsþættinum, en einmitt þessa dagana er það örugglega að móta afgerandi atburði í sögu okkar. Læknar, hjúkrunarfræðingar, fólk sem starfar í verslunum og stórmörkuðum, ræstingafólk, umönnunaraðilar, flutningastarfsmenn, karlar og konur sem vinna að nauðsynlegri þjónustu og öryggi almennings, sjálfboðaliðar, prestar, trúaðir karlar og konur og svo fjöldamargir aðrir. Þeir skildu að enginn bjargast einn ... Hversu margir sýna daglega þolinmæði og bjóða von, gæta þess að breiða ekki út skelfingu heldur deila sameiginlegri ábyrgð. Hversu margir feður, mæður, afar, ömmur og kennarar sýna börnum okkar, með hversdagslegum hætti, hvernig á að setta sig við og takast á við kreppu með því að bæta venjur sínar, horfa fram á veginn og hvetja til iðkunar bæna. Hversu margir biðja, færa fórnir og bera fram fyrirbæni öllum til heilla.“ [6] Hvert og eitt okkar getur uppgötvað í Jósef – í manningum sem fer óséður og er daglega hulinn en þó nærri okkur – fyrirbænamann, sem styður og leiðbeinir á erfiðleikatímum. Heilagur Jósef minnir okkur á að þeir sem virðast faldir eða í skugga geta leikið óumræðilega stórt hlutverk í sögu hjálp-ræðisins. Þeim öllum ber að þakka með viðurkenningarorðum.

1. *Hinn elskaði faðir*

Mikilleiki heilags Jósefs felst í því að hann var maki Maríu og faðir Jesú. Með þessum hætti setti hann sig, með orðum heilags Jóhannesar Krýsóstómusar, „til þjónustu við alla hjálpræðisáætlunina.“ [7]

Heilagur Páll VI benti á að Jósef lýsti föðurhlutverki sínu áþreifanlega „með því að gera líf sitt að fórnarþjónustu fyrir leyndardóm holdtekjunarinnar og endurleysandi tilgang hennar. Hann beitti lögmætu valdi sínu yfir hinni heilögu fjölskyldu til að helga sig henni alfarið í lífi sínu og starfi. Hann breytti mannlegri köllun sinni til heimiliskærleikans í ofurmannlega skuldbindingu sjálfs sín, hjarta síns og allra hæfileika

sinna, með kærleika sem settur var til þjónustu við Messías sem var að þroskast á heimili hans“.

Þökk sé hlutverki hans í hjálpræðissögunni hefur kristinn lýður alltaf dýrkað heilagan Jósef sem föður. Þetta er sýna óteljandi kirkjur sem eru tileinkaðar honum um allan heim, fjölmargar trúarstofnanir, bræðralög og kirkjulegir hópar sem innblásnir eru af anda hans og bera nafn hans, sem og margs kyns hefðbundin tjáningarform guðrækni honum til heiðurs. Óteljandi heilagir menn og konur sýndu honum ástríðufulla lotningu. Meðal þeirra var Teresa frá Avila, sem valdi hann sem málsvara sinn og árnaðarmann, og hafði oft leitað til hans og fengið þá náð sem hún bað hann um. Hvött af eigin reynslu, sannfærði Teresa aðra um að rækta hollustu þeirra við Jósef. [9]

Sérhver bænabók inniheldur bænir til heilags Jósefs. Sérstakar bænir eru lagðar fyrir hann alla miðvikudaga og sérstaklega í marsmánuði, sem jafnan er tileinkaður honum. [10]

Almennt traust til heilags Jósefs kemur fram í orðatiltækinu „Farðu til Jósefs“, sem minnir á hungursneyðina í Egyptalandi þegar Egyptar báðu Faraó um brauð. Hann svaraði aftur á móti: „Farið til Jósefs, gjörið það, sem hann segir yður“ (1M 41:55). Þarna vísaði Faraó til Jósefs, sonar Jakobs, sem var seldur í þrældóm vegna öfundar bræðra hans (sbr. 1M 37:11-28) og varð – samkvæmt frásögn Biblíunnar – síðan ráðherra Egyptalands (sbr. 1M 41:41-44).

Heilagur Jósef stendur á mótum Gamla og Nýja testamentisins sem afkomandi Davíðs (sbr. Mt 1:16-20), en af ættstofni hans átti Jesús að spretta samkvæmt fyrirheitinu sem Natan spámaður gaf Davíð (sbr. 2Sam 7), og sem maki Maríu frá Nasaret.

2. Hinn mildi og ástríki faðir

Jósef sá Jesú þroskast daglega „að visku og vexti, og náð hjá Guði og mönnum“ (Lk 2:52). Eins og Drottinn hafði gjört við Ísrael, svo gerði Jósef við Jesú: Hann kenndi honum að ganga og tók í hönd hans. Hann var fyrir honum sem faðir er leggur ungbarn að vanga sér, beygir sig að honum og réttir honum fæðu (sbr. Hós 11:3-4).

Í Jósef sá Jesús ljúfa ást Guðs: „Eins og faðir sýnir miskunn börnum sínum, eins hefur Drottinn sýnt miskunn þeim er óttast hann“ (Sl 103:13).

Þegar Sálmannir voru beðnir í samkunduhúsinu, hafði Jósef áreiðanlega heyrt aftur og aftur að Guð Ísraels væri Guð kærleiksríkrar elsku, [11] sem er öllum góður, þar sem „miskunn hans er yfir öllu, sem hann hefur skapað“ (Sl 145:9).

Hjálpræðissagan er unnin „með von gegn von“ (Rm 4:18) í gegnum veikleika okkar. Alltof oft höldum við að Guð vinni aðeins í gegnum betri hluta okkar, en flestar áætlanir hans verða að veruleika í og þrátt fyrir veikleika okkar. Þannig gat heilagur Páll sagt: „Og til þess að ég skuli ekki hrokast upp af hinum miklu opinberunum, er mér gefinn fleinn í holdið, Satans engill, sem slær mig, til þess að ég skuli ekki hrokast upp. Þrisvar hef ég beðið Drottin þess að láta hann fara frá mér. Og hann hefur svarað mér: ‘Náð mín nægir þér; því að mátturinn fullkomnast í veikleika.’“ (2Kor 12:7-9).

Þar sem þetta er hluti af öllu hjálpræðiskerfinu verðum við að læra að líta á veikleika okkar með miskunnsömu hugarfari. [12]

Hinn vondi fær okkur til að sjá og fordæma veikleika okkar, en andinn dregur það fram í birtuna í ljúfmennsku. Blíðan er besta leiðin til að snerta veikleikana innra með okkur. Að benda með fingri og dæma aðra eru oft merki um vanhæfni til að sættast við eigin veikleika okkar,

okkar eigin bresti. Aðeins viðkvæm ást mun bjarga okkur frá snörum kærands (sbr. Opb 12:10). Þess vegna er svo mikilvægt að mæta miskunn Guðs, sérstaklega í sáttasakramentinu, þar sem við finnum sannleika hans og mildi. Þótt þversagnakennt sé, þá getur hinn vondi líka talað sannleikann til okkar, en samt gerir hann það aðeins til að fordæma okkur. Við vitum að sannleikur Guðs fordæmir ekki heldur tekur á móti, faðmar, viðheldur og fyrirgefur okkur. Þessi sannleikur birtist okkur alltaf eins og miskunnsami faðirinn í dæmisögu Jesú (sbr. Lk 15:11-32). Hann kemur til móts við okkur, endurheimtir reisu okkar, reisir okkur aftur á fætur og gleðst yfir okkur, því eins og faðirinn segir: „Þessi sonur minn sem var dauður, er lifnaður aftur, hann var týndur og er fundinn“ (v. 24).

Jafnvel í ótta Jósefs var vilji Guðs, saga hans og áætlun að verki. Jósef kennir okkur því að trúin á Guð felur jafnframt í sér að trúa því að hann geti unnið jafnvel í gegnum ótta okkar, veikleika okkar og bresti. Hann kennir okkur einnig í stormviðrum lífsins megum við aldrei vera hrædd við að láta Drottin stýra stefnu okkar. Stundum viljum við hafa fullkomna stjórn, en samt sér Guð alltaf stóru myndina.

3. *Hlýðinn faðir*

Eins og hann hafði gert við Maríu, opinberaði Guð Jósef frelsis-áætlun sína. Hann gerði það með því að nota drauma, sem í Biblíunni og meðal allra fornra þjóða voru álitnir leið fyrir hann til að gera vilja sinn kunnan. [13]

Jósef var mjög órótt vegna dularfullrar meðgöngu Maríu. Hann vildi ekki „gjöra henni opinbera minnkun“, [14] svo að hann ákvað að „skilja við hana í kyrrþey“ (Mt 1:19).

Í fyrsta draumnum hjálpar engill honum að leysa alvarlegan vanda sinn: „Óttastu ekki að taka til þín Maríu, heitkonu þína. Barnið, sem hún

gengur með, er af Heilögum Anda. Hún mun son ala, og hann skaltu láta heita Jesú, því að hann mun frelsa lýð sinn frá syndum þeirra“ (Mt 1:20-21). Jósef brást strax við: „Þegar Jósef vaknaði, gjörði hann eins og engill Drottins hafði boðið honum“ (Mt 1:24). Hlýðni gerði honum mögulegt að yfirstíga erfiðleika sína og hlífa Maríu.

Í öðrum draumnum segir engillinn við Jósef: „Rís upp, tak barnið og móður þess og flý til Egyptalands. Þar skaltu vera, uns ég segi þér, því að Heródes mun leita barnsins til að fyrirfara því“ (Mt 2:13). Jósef hikaði ekki við að hlýða, burtséð frá erfiðleikunum: „Hann stóð upp, tók barnið og móður sína um nóttina og fór til Egyptalands og var þar til dauða Heródesar“ (Mt 2:14-15).

Í Egyptalandi beið Jósef með þolinmæði og trausti eftir boði engilsins um að hann gæti örugglega snúið aftur heim. Í þriðja draumnum sagði engillinn honum að þeir sem reyndu að drepa barnið væru látnir og skipuðu honum að rísa upp, taka barnið og móður þess og fara aftur til Ísraelslands (sbr. Mt 2:19-20). Enn og aftur hlýddi Jósef þegar í stað. „Hann tók sig upp og fór til Ísraelslands með barnið og móður þess“ (Mt 2:21).

Á heimferðinni „þegar Jósef heyrði, að Arkelás réð ríkjum í Júdeu í stað Heródesar föður síns, óttaðist hann að fara þangað. Hann hélt til Galíleubyggða eftir bendingu í draumi“ – nú í fjórða sinn. „Þar bjó hann heimili sitt í bæ sem heitir Nasaret“ (Mt 2:22-23).

Guðspjallamaðurinn Lúkas segir fyrir sitt leyti að Jósef hafi farið í hina löngu og erfiðu ferð frá Nasaret til Betlehem til að láta skrásetja sig í bæ fjölskyldu sinnar í manntali Ágústusar keisara. Þar fæddist Jesús (sbr. Lk 2:7) og fæðing hans, eins og hvers annars barns, var skráð í bækur heimsveldisins. Heilögum Lúkasi er sérstaklega umhugað um að segja okkur að foreldrar Jesú hafi fylgt öllum boðum lögmálsins, fylgt

helgisiðum umskurnar Jesú, hreinsunar Maríu eftir fæðinguna og að frumburðurinn skyldi færður Drottni (sbr. 2:21-24). [15]

Í öllum aðstæðum lýsti Jósef yfir eigin „fiat“ eins og Maríu við boðunina og Jesú í garðinum Getsemane.

Í hlutverki sínu sem höfuð fjölskyldunnar kenndi Jósef Jesú að vera hlýðinn foreldrum sínum (sbr. Lk 2:51), í samræmi við fyrirmæli Guðs (sbr. 2M 20:12).

Á földu árunum í Nasaret lærði Jesús í skóla Jósefs að gera vilja Föðurins. Sá vilji átti að vera daglegur matur hans (sbr. Jh 4:34). Jafnvel á erfiðustu stundu lífs síns, í Getsemane, valdi Jesús að gera vilja Föðurins frekar en sinn eigin [16] og varð „hlýðinn allt til dauða, já, dauðans á krossi“ (Fil 2:8). Höfundur bréfsins til Hebraea hefur því ályktað að Jesús „lærði hlýðni af því, sem hann leið“ (5:8).

Allt þetta gerir það ljóst að „heilagur Jósef var kallaður af Guði til að þjóna persónu og trúboði Jesú beint í gegnum föðurhlutverk sitt“ og að með þessum hætti „starfaði hann í fyllingu tímans í hinum mikla leyndardómi hjálpræðisins og er sannarlega þjónn hjálpræðisins.“ [17]

4. *Faðir sem tekur á mót*

Jósef tók við Maríu skilyrðislaust. Hann treysti orðum engilsins. „Göfgi hjarta Jósefs er slík að það sem hann lærði af lögmálinu gerði hann háð kærleika. Nú á tímum, í heimi okkar þar sem sálrænt, munnlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart konum er svo augljóst, er dregin upp mynd af Jósef sem sýnir virðingarfyllan og næman mann. Jafnvel þó að hann skilji ekki heildarmyndina tekur hann ákvörðun um að vernda gott nafn Maríu, reisin hennar og líf. Þegar hann var óviss um hvernig best væri að bregðast við, hjálpaði Guð honum með því að upplýsa dómgreind hans“ [18].

Oft gerast hlutir í lífinu sem við skiljum ekki hvað merkja. Fyrstu viðbrögð okkar eru oft vonbrigði og uppreisn. Jósef lagði til hliðar sínar eigin hugmyndir til að sættast við atburðarásina og, eins einkennilegar og þær virtust, til að faðma þær, taka ábyrgð á þeim og gera þær að hluta af eigin sögu. Við munum ekki geta stigið eitt skref fram á við nema við séum sáttt við okkar eigin sögu, því við munum alltaf vera í gíslingu væntinga okkar og vonbrigðanna sem því fylgja.

Sú andlega leið sem Jósef mótar fyrir okkur er ekki sú sem *útskýrir* heldur *samþykkir*. Aðeins vegna þessa samþykkis, þessarar sáttar, getum við farið að líta á hina víðari sögu, hina dýpri merkingu. Við getum næstum heyrt bergmál af ástríðufullu svari Jobs við eiginkonu sinni, sem hafði hvatt hann til að gera uppreisn gegn hinu illa sem hann mátti þola: „Fyrst vér höfum þegið hið góða af Guði, ættum vér þá ekki einnig að taka hinu vonda?“ (Jb 2:10).

Jósef gefst vissulega ekki þegjandi upp, heldur er hann hugrakkur og staðfastlega framtakssamur. Í okkar eigin lífi getur samþykki og móttaka verið tjáning á þolgæðisgjöf Heilags Anda. Aðeins Drottinn getur veitt okkur þann styrk sem þarf til að sætta okkur við lífið eins og það er, með öllum mótsögnum þess, óþoli og vonbrigðum.

Birting Jesú meðal okkar er gjöf frá Föðurnum sem gerir það mögulegt fyrir hvert og eitt okkar að vera sáttt við hryggjarstykki eigin sögu, jafnvel þótt við skiljum hana ekki til hlítar.

Alveg eins og Guð sagði við Jósef: „Sonur Davíðs, óttastu ekki!“ (Mt 1:20), þannig virðist hann segja við okkur: „Óttist ekki!“ Við verðum að leggja til hliðar alla reiði og vonbrigði og taka hlutunum eins og þeir eru, jafnvel þegar þeir reynast ekki vera eins og við viljum hafa þá. Ekki með uppgjöf, heldur með von og hugrekki. Þannig verðum við opin fyrir hinni dýpri merkingu. Líf okkar getur endurfæðst á undraverðan hátt ef við

finnum hugrekki til að lifa því í samræmi við fagnaðarerindið. Það skiptir ekki máli hvort allt virðist hafa farið úrskeiðis eða sumt sé ekki lengur hægt að laga. Guð getur látið blóm spretta upp úr grýttri jörðu. Jafnvel þótt hjarta okkar fordæmir okkur, „Því að Guð er meiri en hjarta vort og þekkir alla hluti“ (1Jh 3:20).

Hér mætum við enn og aftur því kristna raunsæi sem hafnar engu sem er til. Raunveruleikinn, í dularfullum og óafturkræfum flækjum sínum, ber í sér merkingu tilvistarinnar, með öllum sínum ljósum og skuggum. Þannig getur Páll postuli sagt: „Vér vitum, að þeim, sem Guð elska, samverkar allt til góðs,“ (Rm 8:28), og heilagur Ágústínus bætir við: „jafnvel það sem kallað er illt (*etiam illud quod malum dicitur*)“.^[19] Í þessu víðara sjónarhorni ljær trúin sérhverjum atburði merkingu, hversu ánægður eða sorglegur sem hann er.

Við ættum samt aldrei að halda að trúin þýði að við finnum auðveldar og hughreystandi lausnir. Trúin sem Kristur kenndi okkur er það sem við sjáum í heilögum Jósef. Hann leitaði ekki að skyndilausnum, heldur horfðist í augu við veruleikann og tók persónulega ábyrgð á honum.

Viðhorf Jósefs hvetur okkur til að taka á móti og bjóða aðra velkomna eins og þeir eru án undantekninga og sýna hinum veikburða sérstaka umhyggju, því að Guð velur veikleikann (sbr. 1Kor 1:27). Hann er „faðir föðurlausra, vörður ekknanna“ (Sl 68:6), sem skipar okkur að elska ókunnuga mitt á meðal okkar.^[20] Mér finnst líklegt að Jesús hafi sótt innblástur að dæmisögunni um týnda soninn og miskunnsama föðurinn til heilags Jósefs (sbr. Lk 15:11-32).

5. Skapandi og hugrakkur faðir

Ef fyrsta stig allrar sannrar innri lækningar er að samþykkja persónulega sögu okkar og umfaðma jafnvel það í lífinu sem við völdum ekki, verðum við nú að bæta við öðrum mikilvægum þætti: Skapandi hugrekki. Þetta kemur sérstaklega fram í því hvernig við glímum við erfiðleika. Andspænis erfiðleikunum getum við annað hvort gefist upp og gengið í burtu eða einhvern veginn tekist á við þá. Stundum færa erfiðleikarnir okkur úrræði sem við héldum ekki einu sinni að við ættum völ á.

Þegar við lesum frásagnir af frumbersku Jesú gætum við oft velt því fyrir okkur hvers vegna Guð hafi ekki beitt sér á beinni og skýrari hátt. Samt virkar Guð í gegnum atburði og fólk. Jósef var maðurinn sem Guð valdi til að stýra upphafi sögu endurlausnarinnar. Hann var hið sanna „kraftaverk“ sem Guð notaði til bjargar barninu og móður þess. Guð starfaði með því að treysta á skapandi hugrekki Jósefs. Þegar hann kom til Betlehem og fann enga gistingu þar sem María gat fætt barnið, tók Jósef gripahús og breytti sem best hann gat í heimili þar sem Sonur Guðs var boðinn velkominn í heiminn (sbr. Lk 2:6-7). Frammi fyrir yfirvofandi hættu frá Heródesi, sem vildi drepa barnið, hlaut Jósef enn og aftur bendingu í draumi um að vernda barnið og reis upp um miðja nótt til að undirbúa flóttann til Egyptalands (sbr. Mt 2:13-14).

Yfirborðslegur lestur á þessum frásögnum getur oft gefið til kynna að heimurinn sé ofurseldur miskunn hinna sterku og voldugu, en „góðu fréttir“ fagnaðarerindisins felast í því að sýna að þrátt fyrir allan hroka og ofbeldi veraldlegra yfirvalda, þá finnur Guð alltaf leið til að fram-kvæma björgunarátætlun sína. Svo getur líf okkar líka um stundarsakir verið undir mætti valdamanna, en fagnaðarerindið sýnir okkur hvað skiptir máli. Guð finnur alltaf leið til að bjarga okkur, að því gefnu að við sýnum sama

skapandi hugrekki og smiðurinn í Nasaret, sem gat breytt vandamáli í möguleika með því að treysta alltaf á guðlega forsjón.

Ef Guð virðist stundum ekki hjálpa okkur, þýðir það örugglega ekki að við höfum verið yfirgefin, heldur er okkur treyst til að skipuleggja, vera skapandi og finna lausnir sjálf.

Þess konar skapandi hugrekki sýndu vinir lamaða mannsins, sem létu hann síga niður af þakinu til að koma honum til Jesú (sbr. Lk 5:17-26). Erfiðleikar stóðu ekki í vegi fyrir áræðni og þrautseigju þessara vina. Þeir voru sannfærðir um að Jesús gæti læknað manninn og „sáu þeir engin ráð til að komast inn með hann og fóru því upp á þak og létu hann síga í rekkjunni niður um helluþekjuna beint fram fyrir Jesú. Og er hann sá trú þeirra, sagði hann: ‘Maður, syndir þínar eru þér fyrirgefnar’“ (v. 19-20). Jesús sá hina skapandi trú sem birtist í því að þeir reyndu að koma veikum vini sínum til hans.

Guðspjallið segir okkur ekki hversu lengi María, Jósef og barnið dvöldu í Egyptalandi. Samt þurftu þau vissulega að borða, finna sér heimili og atvinnu. Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að fylla upp í þessar upplýsingar. Heilaga fjölskyldan þurfti að horfast í augu við áþreifanleg vandamál eins og hver önnur fjölskylda, eins og svo margir farandbræðra okkar og systra sem einnig í dag hætta lífi sínu til að komast undan ógæfu og hungri. Í þessu sambandi tel ég heilagan Jósef vera sérstakan verndara allra þeirra sem neyðast til að yfirgefa heimalönd sín vegna stríðs, haturs, ofsókna og fátæktar.

Í lok hverrar frásagnar þar sem Jósef leikur hlutverk segir guðspjallið okkur að hann rísi upp, taki barnið og móður þess og geri það sem Guð bauð honum (sbr. Mt 1:24; 2:14,21). Reyndar eru Jesús og María móðir hans dýrmætasti fjársjóður trúar okkar. [21]

Í hinni guðlegu hjálpræðisáætlun er Sonurinn óaðskiljanlegur frá móður sinni, frá Maríu, sem „gekk fram í pílagrímsferð sinni í trúnni og þraukaði dyggilega í einingunni við Son sinn þar til hún stóð við krossinn“. [22]

Við ættum alltaf að íhuga hvort við sjálf verndum Jesú og Maríu, því þau eru líka á leyndardómsfullan hátt falin ábyrgð okkar, umönnun og varðveislu. Þegar Sonur almættisins kom í heim okkar var hann afar viðkvæmur. Hann þarfnaðist verndar Jósefs sem annaðist hann og ól hann upp. Guð treysti Jósef, eins og María sem fann í honum einhvern sem myndi ekki aðeins bjarga lífi þeirra heldur myndi alltaf sjá fyrir henni og barni hennar. Í þessum skilningi gæti heilagur Jósef ekki verið annað en gæslumaður kirkjunnar, því kirkjan er framhald líkama Krists í mannkynssögunni, jafnvel þó að móðurhlutverk Maríu endurspeglar í móðurhlutverki kirkjunnar. [23] Með áframhaldandi vernd kirkjunnar heldur Jósef áfram að vernda barnið og móður þess og við elskum líka kirkjuna áfram og *elskum barnið og móður þess*.

Þetta barn myndi síðar segja: „Það allt, sem þér gjörðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gjört mér“ (Mt 25:40). Þar af leiðandi er hver fátækur, þurfandi, líðandi eða deyjandi einstaklingur, hver ókunnugur maður, hver fangi, hver veikur einstaklingur „barnið“ sem Jósef heldur áfram að vernda. Af þessum sökum er heilagur Jósef ákallaður sem verndari ólánsamra, bágstaddra, útlægra, þjáðra, fátækra og deyjandi. Þar af leiðandi getur kirkjan ekki látið hjá líða að sýna hinum minnstu bræðrum okkar og systur sérstaka ást, því að Jesús sýndi þeim sérstaka umhyggju og samsamaði sig þeim persónulega. Af heilögum Jósef verðum við að læra sömu umhyggju og ábyrgð. Við verðum að læra að elska barnið og móður þess, elska sakramentin og kærleikann, elska kirkjuna og fátæka. Sérhver þessara veruleika er ævinlega *barnið og móðir þess*.

6. Vinnandi faðir

Sá þáttur heilags Jósefs sem áhersla hefur verið lögð á allt frá tímum fyrsta umburðarbréfs Leós XIII um samfélagsmálefni, *Rerum Novarum*, er tengsl hans við vinnuna. Heilagur Jósef var smiður sem vann fyrir sér á heiðarlegan hátt til að sjá fyrir fjölskyldu sinni. Af honum lærði Jesús gildi, reisn og gleði þess hvað það þýðir að borða brauð sem er ávöxtur eigin vinnu.

Á okkar tímum, þegar atvinnan hefur enn einu sinni orðið að brennandi samfélagsmáli, og atvinnuleysi nær stundum hæstu hæðum jafnvel hjá þjóðum sem áratugum saman hafa notið ákveðinnar velmegunar, þá er endurnýjuð þörf á að skilja mikilvægi verðugrar atvinnu, en heilagur Jósef er sérstakur verndari hennar.

Vinnan er leið til að taka þátt í hjálpræðisstarfinu, tækifæri til að flýta fyrir komu verðandi ríkis, þróa hæfileika okkar og getu og setja hana í þjónustu samfélagsins og samfélags bræðra okkar og systra. Hún gefur tækifæri til að uppfylla ekki aðeins sjálf okkur, heldur einnig þá frumeiningu samfélagsins sem fjölskyldan er. Fjölskylda án atvinnu er sérstaklega viðkvæm fyrir erfiðleikum, spennu, aðskilnaði og jafnvel sambúðarslitum. Hvernig getum við talað um mannlega reisn án þess að vinna að því að allir geti séð sómasamlega fyrir sér?

Vinnandi einstaklingar, hvert sem starf þeirra kann að vera, eru í samstarfi við Guð sjálfan og verða á einhvern hátt skaparar heimsins í kringum okkur. Kreppa samtímans, sem er efnahagsleg, félagsleg, menningarleg og andleg, getur þjónað sem áskorun fyrir okkur öll til að uppgötva gildi, mikilvægi og nauðsyn atvinnu til að koma á nýju „eðlilegu ástandi“ þar sem enginn er undanskilinn. Verk heilags Jósefs minna okkur á að Guð sjálfur, þegar hann varð maður, hafnaði ekki að sinna starfi sínu. Atvinnumissirinn sem hefur áhrif á svo marga af bræðrum okkar og

systrum og hefur aukist vegna heimsfaraldurs Covid-19, ætti að vera áskorun til okkar um að endurmeta áherslur okkar. Við skulum biðja verkamanninn heilagan Jósef um að hjálpa okkur að finna leiðir til að láta í ljós staðfasta sannfæringu okkar um að enginn ung persóna, alls engin manneskja og engin fjölskylda eigi að vera án vinnu!

7. Faðir í skugganum

Pólski rithöfundurinn Jan Dobraczyński segir í bók sinni *Skuggi föðurins* (The Shadow of the Father), [24] söguna af lífi heilags Jósefs í formi skáldsögu. Hann notar hvetjandi mynd af skugga til að skilgreina Jósef. Í sambandi sínu við Jesú var Jósef jarðneskur skuggi himnesks föður: Hann fylgdist með honum og verndaði hann og lét hann aldrei fara sínar eigin leiðir. Við getum hugsað um orð Móse til Ísraels: „Á eyðimörkinni, þar sem þú sást, hvernig Drottinn, Guð þinn bar þig, eins og faðir ber barn sitt, alla þá leið, er þér hafið farið,“ (5M 1:31). Á svipaðan hátt starfaði Jósef sem faðir allt sitt líf. [25]

Feður eru ekki fæddir heldur gerðir. Maður verður ekki faðir einfaldlega með því að koma barni í heiminn heldur með því að taka ábyrgð á því að sjá um það barn. Alltaf þegar maður tekur ábyrgð á lífi annars verður hann að einhverju leyti faðir viðkomandi.

Börn í dag virðast oft vera munaðarlaus og skorta feður. Kirkjan þarf líka á feðrum að halda. Orð heilags Páls til Korintubúa eru tímabær: „Enda þótt þér hefðuð tíu þúsund fræðara í Kristi, þá hafið þér þó eigi marga feður“ (1Kor 4:15). Sérhver prestur eða biskup ætti að geta bætt við með postulanum: „Ég hef í Kristi Jesú fætt yður með því að flytja yður fagnaðarerindið“ (s.st.). Páll segir sömuleiðis í Galatabréfinu: „Börn mín, sem ég að nýju el með harmkvælum, þangað til Kristur er myndaður í yður!“ (4:19).

Föðurhlutverkið felur í sér að kynna börnunum lífið og raunveruleikann. Ekki halda aftur af þeim, ofvernda þau eða drottna yfir þeim, heldur gera þau fær um að ákveða sjálf, njóta frelsis og kanna nýja möguleika. Kannski er Jósef venjulega kallaður „skírlífasti“ faðirinn af þessum sökum. Sá titill er ekki einfaldlega tákn um ástúð, heldur samantekt á viðhorfi sem er andstætt drottnunargirni. Skírlífi er frelsi frá eignarhaldi á öllum sviðum lífsins. Aðeins þegar ástin er hrein, er hún sannarlega ást. Ást sem vill eigna sér hlutina verður að lokum hættuleg: hún fangar, þrengir að og veldur eynd. Guð sjálfur elskaði mannkynið með hreinum kærleika; hann veitti okkur frelsi, jafnvel til að villast og setja okkur upp á móti honum. Rökfræði ástarinnar er alltaf rökfræði frelsisins og Jósef vissi hvernig á að elska með einstöku frelsi. Hann gerði sig aldrei að miðpunkti. Hann hugsaði ekki um sjálfan sig heldur einbeitti sér þess í stað að lífi Maríu og Jesú.

Jósef fann hamingjuna ekki aðeins í fórnfýsi heldur í sjálfsgjöf. Í honum sjáum við aldrei gremju heldur aðeins traust. Þolinmóð þögn hans var undanfari ápreifanlegrar tjáningar. Heimur okkar í dag þarfnast feðra. Hann hefur enga þörf fyrir harðstjóra sem vilja drottna yfir öðrum til þess að bæta eigin hag. Hann hafnar þeim sem rugla saman valdi og forræðishyggju, þjónustu og þrælslund, umræðu og kúgun, kærleika og velferðarhyggju, valdi og eyðileggingu. Sérhver sönn köllun fæðist af gjöf manns sjálfs, sem er ávöxtur þroskaðrar sjálfsfórnar. Prestdómurinn og líf í reglusamfélagi þarfnast slíks þroska. Hver sem köllun okkar er, hvort sem er í hjónaband, í skírlífi eða meydómi, þá mun sjálfsgjöf okkar ekki rætast ef hún lætur staðar numið við fórnina; ef svo væri þá myndi gjöf sjálfsins eiga á hættu að vera tjáning óhamingju, sorgar og gremju í stað þess að verða merki um fegurð og gleði kærleikans,

Þegar feður neita að lifa lífi barna sinna fyrir þau opnast nýjar og óvæntar víddir. Sérhvert barn er handhafi einstakrar ráðgátu sem aðeins

er hægt að draga fram í dagsljósið með hjálp föður sem virðir frelsi þess barns. Faðir sem gerir sér grein fyrir því að hann er mest faðir og kennari á þeim tímapunkti þegar hann verður „gagnslaus“, þegar hann sér að barnið hans er orðið sjálfstætt og getur gengið vegi lífsins án fylgdar. Þegar hann verður eins og Jósef, sem vissi alltaf að barnið hans var ekki hans eigið heldur hafði bara verið falið umsjá hans. Að lokum er þetta það sem Jesús vildi láta okkur skilja þegar hann segir: „Þér skuluð ekki kalla neinn föður yðar á jörðu, því einn er faðir yðar, sá sem er á himnum“ (Mt 23:9).

Við ættum alltaf að hafa í huga varðandi föðurhlutverk okkar, að það hefur ekkert með eign að gera heldur er það „tákn“ sem vísar til æðra faðernis. Að vissu leyti erum við öll eins og Jósef: Skuggi himnesks Föður, „er lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða og rigna yfir réttláta sem rangláta“ (Mt 5:45). Og skuggi sem fylgir Syni hans.

„Rís upp, tak barnið og móður þess“ (Mt 2:13), sagði Guð við heilagan Jósef.

Markmið þessa postullega bréfs er að auka ást okkar á þessum mikla dýrtingi, hvetja okkur til að æskja fyrirbæna hans og líkja eftir dyggðum hans og kappi.

Reyndar er hið rétta verkefni dýrtinganna ekki aðeins að öðlast kraftaverk og náð, heldur að biðja fyrir okkur fyrir Guði, eins og Abraham [26] og Móse [27], og eins og Jesús, hinn eini „meðalgangari“ (1Tm. 2:5), sem er „árnaðarmaður“ okkar hjá Föðurnum (1Jh 2:1) og sem „ávallt lifir til að biðja fyrir [oss]“ (Heb 7:25; sbr. Rm 8:34).

Hinir heilögu hjálpa öllum trúuðum „að sækjast eftir heilagleika og fullkomnun við sérhverjar aðstæður í lífi þeirra“. [28] Líf þeirra er áþreifanleg sönnun þess að hægt er að hrinda fagnaðarerindinu í framkvæmd.

Jesús sagði við okkur: „Lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur“ (Mt 11:29). Líf dýrlinganna er líka til eftirbreytni. Heilagur Páll segir beinlínis þetta: „Verið eftirbreytendur mínir!“ (1Kor 4:16). [29] Með mælskri þögn sinni segir heilagur Jósef það sama.

Frammi fyrir dæmum svo margra heilagra manna og kvenna spurði heilagur Ágústínus sjálfan sig: „Getur þú ekki líka gert það sem þau gátu?“ Og því nálgast hann endanlegri umbreytingu sína þegar hann gat hrópað: „Seint hef ég elskað þig, ævafora fegurð, sífellt ný!“ [30]

Við þurfum aðeins að biðja heilagan Jósef um náð náðanna: Umskipti okkar.

Vér skulum nú biðja til hans:

Heill sé þér, verndari Endurlausnarans,
og brúðgumi sællar Maríu meyjar.
Þér treysti Guð fyrir Syni sínum;
á þig setti María traust sitt;
með þér varð Jesús að manni.

Ver þú einnig oss, sæli Jósef,
sem faðir
og leið oss á lífsins vegi.
Afla oss náðar, miskunnar og hugrekkis
og vernda oss frá öllu illu. Amen.

Gefið í Róm, í kirkju heilags Jóhannesar í Lateran, 8. desember, á stórhátíð óflekkaðs getnaðar Maríu meyjar, árið 2020, hinu áttunda á páfaferli mínum.

Frans